



VINNUMÁLA  
STOFNUN

Erlendir ríkisborgarar á íslenskum  
vinnumarkaði árin 2006-2009

Veitt atvinnuleyfi,  
skráning ríkisborgara frá nýju ríkjum ESB, viðbót um  
starfsmannaleigur og þjónustusamninga og  
áætlað vinnuafli og atvinnuleysi

Júní 2011

Karl Sigurðsson  
Valur Arnarson

## Efnisyfirlit

Inngangur .....	3
I. Veitt atvinnuleyfi .....	4
Synjanir .....	7
II. Skráningar.....	7
III. Veitt leyfi og skráningar.....	9
IV. Viðbót um starfsmannaleigur og þjónustusamninga.....	11
V. Erlendir ríkisborgarar á vinnumarkaði á Íslandi .....	14
Atvinnuleysi erlendra ríkisborgara á íslenskum vinnumarkaði .....	17

## Inngangur

Þann 1. maí 2004 gengu 8 ný ríki úr Austur-Evrópu í Evrópusambandið, ásamt Kýpur og Möltu. Íslensk stjórnvöld breyttu á sama tíma lögum um atvinnuréttindi útlendinga. Breytingin fólst í því að enn sem áður þurftu ríkisborgarar frá ríkjunum átta atvinnuleyfi til starfa hér á landi þó svo að þau væru formlega gengin í Evrópusambandið. Hinsvegar nutu ríkisborgarar þessara ríkja forgangs.

Mikil eftirspurn eftir erlendu vinnuafli kallaði á aðgerðir stjórnvalda sem brugðust við með því að einfalda umsóknarferli ríkisborgara frá nýju ríkjunum átta, skjalakröfur voru einfaldaðar til muna og opnaður gluggi á að þeir sem þegar voru komnir til landsins gætu sótt um án þess að yfirgefa landið.

Í lok apríl 2006 samþykkti Alþingi breytingar á lögum nr. 97/2002 og 47/1993. Þessar breytingar má rekja til þess að nú voru tvö ár liðin frá inngöngu nýju ríkjanna í Evrópusambandið og fyrirvarinn sem íslensk stjórnvöld höfðu nýtt sér til að hamla frjálsri för var að renna út. Með þessum breytingum var komið á rafrænni skráningarskyldu atvinnurekanda vegna ráðningar einstaklinga frá ríkjunum átta. Á þessum tímamarki má segja að um nánast frjálst flæði hafi verið um að ræða.

Starfsmannaleigur voru að hluta til fylgifiskur mikillar eftirspurnar eftir vinnuafli og stóriðjuframkvæmdanna fyrir austan. Stjórnvöld töldu rétt að ramma starfsemi þeirra inn í lög. Lög nr. 139/2005 um starfsmannaleigur tóku gildi um áramótin 2005-2006.

Þann 31. mars 2007 tóku gildi lög nr. 45/2007 um réttindi og skyldur erlendra fyrirtækja sem senda starfsmenn tímabundið til Íslands og starfskjör starfsmanna þeirra. Um var að ræða rafræna skráningu á heimasíðu Vinnumálastofnunar.

Lög nr. 97/2002 um atvinnuréttindi útlendinga tóku talsverðum breytingum eftir lagabreytingar sem tóku gildi 1. ágúst 2008 en þó má segja að tóninn í stefnu stjórnvalda sé sá sami. Ríkisborgarar frá Rúmeníu og Búlgaríu eru í dag einu EES-borgararnir sem þurfa atvinnuleyfi til starfa á Íslandi. Frá júní 2007 fram að efnahagshruni má segja að einstaklingar frá þessum tveimur löndum hafi haft góða von um að fá atvinnuleyfi hér á landi en í kjölfar hrunsins á Íslandi og miklu atvinnuleysi breyttist það.


Í desember 2008 samþykkti Alþingi breytingar á lögum nr. 97/2002, sem snéru að því að framlengja fyrirvarann á frjálsri för Rúmena og Búlgara inn á íslenskan vinnumarkað til 1. janúar 2012.

Þann 1. maí 2009 rann svo fyrirvarinn á frjálsu flæði (skráningarskyldan) á ríkisborgurum frá nýju aðildarríkjunum átta út. Nú gilda sömu lög um þá og aðra EES-borgara (að undanskildum ríkisborgurum frá Rúmeníu og Búlgaríu).

## I. Veitt atvinnuleyfi

Í yfirlitinu sem hér fer á eftir eru birtar tölur yfir fjölda veittra atvinnuleyfa árin 2006-2009. Atvinnuleyfin eru greind niður eftir tegundum eða flokkum atvinnuleyfa, þ.e. tímabundin atvinnuleyfi, sérfræðingaleyfi (leyfi veitt sérhæfðum starfsmönnum) og óbundin atvinnuleyfi. Tímabundnu leyfin skiptast svo aftur í ný tímabundin leyfi, leyfi veitt vegna nýs vinnustaðar og framlengd tímabundin leyfi.

Útgefin atvinnuleyfi á árinu 2006 voru í þessum flokkum 5.312. Þeim fækkaði jafnt og þétt í flestum flokkum atvinnuleyfa, voru alls 2.812 árið 2007, 2.158 árið 2008 og komin niður í 1.220 árið 2009. Eins og sést á mynd 1 má fyrst og fremst fækkunina til mikillar fækkunar nýrra tímabundinna atvinnuleyfa úr 2.833 í 534 milli 2006 til 2007, þar sem íbúar ríkjanna 8 sem gengu í Evrópusambandið 2008 þurftu ekki lengur atvinnuleyfi frá 1. maí 2006 til að koma til starfa á Íslandi. Eins má sjá að framlengdum tímabundnum leyfum fækkar nokkuð stöðugt milli ára. Aftur á móti fjölgar sérfræðileyfum og óbundnum atvinnuleyfum lítillega.



**Mynd 1.** Ný tímabundin leyfi, framlengd tímabundin leyfi, sérfræðingaleyfi og óbundin atvinnuleyfi á árunum 2006-2009

Tölur 1-3 sýna svo nánari skiptingu þessara leyfa eftir kyni, aldri, búsetu, starfsstétt, atvinnugrein og þjóðerni.

**Tafla 1. Ný tímabundin atvinnuleyfi**

	2006		2007		2008		2009	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
<b>Allir</b>	<b>2.833</b>		<b>534</b>		<b>503</b>		<b>193</b>	
<b>Kyn:</b>								
Karlar	2.351	83%	387	73%	319	63%	141	73%
Konur	476	17%	141	27%	184	37%	52	27%
<b>Aldur:</b>								
18-29 ára	881	31%	210	40%	297	59%	115	60%
30-39 ára	820	29%	141	27%	125	25%	38	20%
40-49 ára	696	25%	86	16%	49	10%	19	10%
50 ára og eldri	401	14%	91	17%	32	6%	21	11%
<b>Búseta:</b>								
Höfuðborgarsv.	1.067	38%	240	45%	336	67%	109	56%
Landsbyggðin	1.766	62%	294	55%	167	33%	84	44%
þar af Austurland	1.194	42%	145	27%	24	5%	2	1%
<b>Starfsstétt:</b>								
Sérfræði og skrifst. störf	217	8%	197	37%	174	35%	43	22%
Gæslu- og þjónustust.	226	8%	129	24%	151	30%	69	36%
Iðnaðarmenn	826	29%	8	1%	5	1%	1	1%
Iðnverkf., véla-/vélgæsluf.	430	15%	130	24%	74	15%	49	25%
Verkfólkl.	1.122	40%	70	13%	99	20%	31	16%
<b>Atvinnugrein:</b>								
Iðnaður og landbúnaður	302	11%	171	32%	78	16%	35	18%
Sjávarútv. og fiskvinnsla	206	7%	16	3%	19	4%	9	5%
Byggingariðnaður	1.670	60%	49	9%	11	2%	3	2%
Verslun og þjónusta	621	22%	296	56%	395	79%	146	76%
<b>Þjóðerni:</b>								
Pólland	1.541	55%						
Hin nýju ríki ESB	466	17%						
Önnur Evrópu+USA+Kanada	353	13%	300	57%	210	43%	81	42%
Asía	348	12%	128	24%	187	38%	53	28%
Önnur ríki	113	4%	96	18%	94	19%	58	30%

**Tafla 2. Framlengd tímabundin leyfi**

	2006		2007		2008		2009	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
<b>Allir</b>	<b>2.013</b>		<b>1.923</b>		<b>1.204</b>		<b>627</b>	
<b>Kyn:</b>								
Karlar	1.447	72%	1.537	80%	760	63%	321	51%
Konur	566	28%	386	20%	444	37%	306	49%
<b>Aldur:</b>								
18-29 ára	596	30%	425	22%	358	30%	254	41%
30-39 ára	746	37%	743	39%	477	40%	228	36%
40-49 ára	459	23%	561	29%	278	23%	104	17%
50 ára og eldri	212	11%	197	10%	91	8%	41	7%
<b>Búseta:</b>								
Höfuðborgarsv.	711	24%	492	15%	691	46%	437	68%
Landsbyggðin	1.302	43%	1.434	45%	513	34%	190	29%
Þar af Austurland	996	33%	1.251	39%	304	20%	18	3%
<b>Starfsstétt:</b>								
Sérfræði og skrifst. störf	193	10%	299	16%	200	17%	143	23%
Gæslu- og þjónustust.	309	15%	200	10%	207	17%	145	23%
Iðnaðarmenn	199	10%	82	4%	37	3%	12	2%
Iðnverkafl., véla-/ vélgæsluf.	587	29%	688	36%	233	19%	97	15%
Verkafólk	725	36%	657	34%	527	44%	230	37%
<b>Atvinnugrein:</b>								
Iðnaður og landbúnaður	199	10%	127	7%	165	14%	95	15%
Sjávarútv. og fiskvinnsla	203	10%	108	6%	144	12%	83	13%
Byggingariðnaður	1.045	52%	1.246	65%	336	28%	22	4%
Verslun og þjónusta	559	28%	428	22%	559	46%	427	68%
<b>Þjóðerni:</b>								
Pólland	205	10%						
Hin nýju ríki ESB	83	4%						
Önnur Evrópu+USA+Kanada	554	28%	387	20%	413	35%	276	45%
Asía	985	49%	1.342	70%	636	54%	260	42%
Önnur ríki	163	8%	187	10%	123	10%	77	13%

**Tafla 3. Óbundin atvinnuleyfi**

	2006		2007		2008		2009	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
<b>Allir</b>	<b>129</b>		<b>59</b>		<b>158</b>		<b>208</b>	
<b>Kyn:</b>								
Karlar	54	42%	33	56%	72	46%	108	52%
Konur	75	58%	26	44%	86	54%	100	48%
<b>Aldur:</b>								
18-29 ára	45	34%	23	39%	54	34%	88	42%
30-39 ára	51	39%	18	31%	67	42%	77	37%
40-49 ára	22	17%	13	22%	24	15%	32	15%
50 ára og eldri	13	10%	5	8%	13	8%	11	5%
<b>Búseta:</b>								
Höfuðborgarsv.	66	49%	47	77%	78	67%	4	57%
Landsbyggðin	64	47%	12	20%	37	32%	3	43%
Þar af Austurland	6	4%	2	3%	2	2%	0	0%
<b>Þjóðerni:</b>								
Pólland	25	19%						
Hin nýju ríki ESB	14	11%						
Önnur Evrópu+USA+Kanada	35	27%	21	36%	57	37%	96	47%
Asía	49	37%	30	52%	75	49%	88	43%
Önnur ríki	8	6%	7	12%	22	14%	20	10%

## Synjanir


Eftirfarandi tafla sýnir synjanir atvinnuleyfa á árunum 2006 til 2009. Við sjáum að þróun synjana á þessum árum hefur verið á þá leið að þeim fækkaði úr 465 í 181 á milli ára 2006 og 2007 og má það rekja til inngöngu átta nýju ríkjana í ESB og þar með fækkun umsókna um atvinnuleyfi. Synjanir héldust nokkuð stöðugar milli ára 2007 og 2008 en fækkaði svo aftur árið 2009 úr 170 í 84 enda fækkaði umsóknum um atvinnuleyfi umtalsvert eftir bankahrun haustið 2008.

Tafla 4. Synjanir

Tegund	2006		2007		2008		2009	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Nýtt tímabundið	392	84%	143	79%	150	88%	69	82%
Nýr vinnustaður	36	8%	13	7%	4	2%	7	8%
Framlengt tímabundið	24	5%	15	8%	9	5%	4	5%
Sérhæfður	0	0%	0	0%	1	1%	0	0%
Námsmaður	13	3%	3	2%	0	0%	4	5%
Ótímabundið	0	0%	3	2%	2	1%	0	0%
Vistráðning	0	0%	4	2%	4	2%	0	0%
Samtals	465	100%	181	100%	170	100%	84	100%

## II. Skráningar

Í yfirlitinu sem hér fer á eftir eru birtar tölur yfir skráningar atvinnurekenda á starfsfólki frá átta nýju ríkjum Evrópusambandsins, en í stað atvinnuleyfa var tekin upp rafræn skráningaskylda atvinnurekenda vegna ráðninga einstaklinga frá þessum ríkum frá 1. maí 2006 til 1. maí 2009. Skráningar eru ýmist nýjar eða verið er að skrá sömu einstaklinga aftur sem hafa þá ýmist verið hjá öðrum vinnuveitanda eða farið á brott tímabundið. Á árinu 2006 voru tæplega 4.000 nýskráningar (frá 1. maí), þeim fjölgaði í ríflega 7.000 árið 2007 en fækkaði aftur í um 3.800 árið 2008. Mjög fáar nýskráningar voru svo fyrstu mánuði ársins 2009 þar til skráningarskyldan var aflögð þann 1. maí það ár.



Mynd 2. Skráningar frá nýju ríkum ESB

Í töflum 5 og 6 er sýnd nánari skipting þessara skráninga eftir kyni, aldri, búsetu, starfstétt, atvinnugrein og þjóðerni.

Eins og sjá má í töflunum eru ungir karlkyns verkamenn í meirihluta, en hlutfallslega fjölgar konum þó eftir því sem á líður. Hlutur byggingariðnaðar fer minnkandi á árinu 2008, en hlutur verslunar og þjónustu eykst að sama skapi.

Mest er um Pólverja í þessum hópi, en þeim fækkar hlutfallslega meira árið 2008 en öðrum.

**Tafla 5. Skráningar - nýir**

	2006		2007		2008		2009	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
<b>Allir</b>	<b>3.988</b>		<b>7.150</b>		<b>3.837</b>		<b>65</b>	
<b>Kyn:</b>								
Karlar	3.090	77%	5.388	75%	2.747	72%	38	58%
Konur	898	23%	1.762	25%	1.094	28%	27	42%
<b>Aldur:</b>								
18-29 ára	1.790	45%	3.542	50%	2.023	53%	36	55%
30-39 ára	1.078	27%	1.772	25%	912	24%	17	26%
40-49 ára	783	20%	1.245	17%	590	15%	10	15%
50 ára og eldri	341	9%	592	8%	316	8%	2	3%
<b>Búseta:</b>								
Höfuðborgarsv.	2.219	50%	4.359	56%	2.313	56%	32	48%
Landsbyggðin	1.774	40%	2.795	36%	1.528	37%	33	49%
Þar af Austurland	437	10%	602	8%	281	7%	2	3%
<b>Starfstétt:</b>								
Sérfræði og skrifst. störf	32	1%	49	1%	25	1%	1	2%
Gæslu- og þjónustust.	126	3%	324	5%	247	7%	2	3%
Iðnaðarmenn	577	15%	889	12%	519	14%	3	5%
Iðnverkaf., véla-/vélgæsluf.	1.237	31%	1.702	24%	1.005	26%	25	40%
Verkfólk	2.007	50%	4.179	59%	2.000	53%	31	50%
<b>Atvinnugrein:</b>								
Iðnaður og landbúnaður	710	18%	1.262	18%	682	18%	6	9%
Sjávarútv. og fiskvinnsla	584	15%	750	10%	384	10%	28	43%
Byggingariðnaður	1.609	40%	3.057	43%	1.360	35%	11	17%
Verslun og þjónusta	1.086	27%	2.079	29%	1.411	37%	20	31%
<b>Þjóðerni:</b>								
Pólland	3.082	77%	5.536	78%	2.763	72%	39	60%
Hin nýju ríki ESB	904	23%	1.606	22%	1.060	28%	26	40%




Tafla 6. Skráningar - voru áður á vinnumarkaði

	2006		2007		2008		2009	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
<b>Allir</b>	<b>1.203</b>		<b>2.700</b>		<b>2.231</b>		<b>81</b>	
<b>Kyn:</b>								
Karlar	828	69%	2.064	76%	1.642	74%	45	56%
Konur	375	31%	636	24%	589	26%	36	44%
<b>Aldur:</b>								
18-29 ára	518	43%	1.085	40%	935	42%	42	52%
30-39 ára	306	25%	731	27%	628	28%	17	21%
40-49 ára	246	20%	584	22%	439	20%	17	21%
50 ára og eldri	133	11%	300	11%	229	10%	5	6%
<b>Búseta:</b>								
Höfuðborgarsv.	577	43%	1.513	46%	1.475	58%	65	78%
Landsbyggðin	626	46%	1.186	36%	756	30%	16	19%
Þar af Austurland	144	11%	596	18%	330	13%	2	2%
<b>Starfsstétt:</b>								
Sérfræði og skrifst. störf	12	1%	12	0%	9	0%	0	0%
Gæslu- og þjónustust.	62	5%	150	6%	132	6%	2	3%
Iðnaðarmenn	126	11%	438	16%	245	11%	4	5%
Iðnverkaf., véla-/vélgæsluf.	461	38%	598	22%	471	21%	17	22%
Verkfólk	538	45%	1.493	55%	1.352	61%	53	70%
<b>Atvinnugrein:</b>								
Iðnaður og landbúnaður	226	19%	524	19%	377	17%	11	14%
Sjávarútv. og fiskvinnsla	274	23%	249	9%	191	9%	22	27%
Byggingariðnaður	419	35%	1.186	44%	926	42%	19	23%
Verslun og þjónusta	283	24%	731	27%	736	33%	29	36%
<b>Þjóðerni:</b>								
Pólland	898	75%	2.242	83%	1.853	83%	61	75%
Hin nýju ríki ESB	302	25%	450	17%	375	17%	20	25%

### III. Veitt leyfi og skráningar

Í eftirfarandi samantekt eru tekin saman ný tímabundin atvinnuleyfi, sérfræðileyfi og nýjar skráningar annars vegar og skráning v/nýrra vinnustaða, framlengd leyfi, óbundin leyfi og endurnýjaðar skráningar hins vegar (mynd 3). Er þetta gert til að sjá betur heildarmynstrið í eftirspurn eftir erlendu vinnuafli, þó svo upplýsingar um komu vinnuafis frá Norðurlöndunum og gömlu ríkjum ESB séu fyrir utan þessa samantekt.



Mynd 3. Fjöldi útgefinna leyfa og skráningar á árunum 2006-2009

Eins og sjá má fjölgar leyfum og skráningum árið 2007 en fækkar hratt árið 2008 og má útskýra það vegna fækkunnar nýrra leyfa og nýrra skráninga en þarna er fækkun sem nemur 3.349 leyfum og skráningum í þessum flokkum. Skýrist það af því að eftirspurn eftir erlendu vinnuafli minnkaði hratt eftir því sem leið á árið 2008 og stöðvaðist í raun nánast alveg á haustmánuðum.

Eftirfarandi töflur (töflur 7 og 8) sýna svo nánari skiptingu þessara leyfa m.v. kyn, aldur, búsetu, starfstétt, atvinnugrein og þjóðerni. Eins og sjá má eru ungir karlkyns verkamenn eins og áður í meirihluta. Þó má sjá ákveðna breytingu yfir þetta tímabil þegar litið er á ný atvinnuleyfi/nýjar skráningar (tafla 6). Þannig fjölgar konum nokkuð hlutfallslega 2007 og 2008, og jafnframt hækkar hlutfall þeirra yngstu. Þá hækkar hlutfall þeirra sem koma til starfa á höfuðborgarsvæðinu, sem skýrist að mestu leyti af því að framkvæmdir við byggingu Kárahnjúkavirkjunar og álvers Bechtel á Reyðarfirði var að ljúka á þessum árum. Loks má sjá að hlutur þjónustustarfa eykst, en hlutur byggingariðnaðar minnkar.

**Tafla 7. Ný tímabundin atvl., sérfræðileyfi og skráningar á nýjum á vinnum.**

	2006		2007		2008		2009	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
<b>Allir</b>	<b>6.859</b>		<b>7.794</b>		<b>4.451</b>		<b>367</b>	
<b>Kyn:</b>								
Karlar	5.485	80%	5.883	75%	3.172	71%	285	78%
Konur	1.374	20%	1.911	25%	1.283	29%	82	22%
<b>Aldur:</b>								
18-29 ára	2.679	39%	3.779	48%	2.364	53%	197	54%
30-39 ára	1.907	28%	1.957	25%	1.074	24%	92	25%
40-49 ára	1.486	22%	1.356	17%	660	15%	45	12%
50 ára og eldri	759	11%	703	9%	357	8%	33	9%
<b>Búseta:</b>								
Höfuðborgarsv.	3.302	39%	4.645	54%	2.748	58%	245	66%
Landsbyggðin	3.566	42%	3.159	37%	1.707	36%	122	33%
Þar af Austurland	1.650	19%	805	9%	307	6%	5	1%
<b>Starfstétt:</b>								
Sérfræði og skrifts.störf	273	4%	322	4%	240	5%	84	23%
Gæslu- og þjónustust.	352	5%	453	6%	398	9%	71	20%
Iðnaðarmenn	1.421	21%	906	12%	581	13%	70	19%
Iðnverkaf., véla-/vélgæsluf.	1.670	24%	1.863	24%	1.092	25%	77	21%
Verkfólk	3.129	46%	4.249	55%	2.099	48%	62	17%
<b>Atvinnugrein:</b>								
Iðnaður og landbúnaður	1.016	15%	1.449	19%	767	17%	48	13%
Sjávarútv. og fiskvinnsla	790	12%	766	10%	403	9%	40	11%
Byggingariðnaður	3.307	48%	3.179	41%	1.448	33%	101	28%
Verslun og þjónusta	1.720	25%	2.402	31%	1.833	41%	178	49%
<b>Þjóðerni:</b>								
Pólland	4.623	67%	5.536	71%	2.763	62%	39	11%
Hin nýju ríki ESB	1.370	20%	1.606	21%	1.060	24%	26	7%
Önnur Evrópu+USA+Kanada	380	6%	341	4%	232	5%	182	50%
Asía	359	5%	180	2%	274	6%	60	16%
Önnur ríki	117	2%	119	2%	96	2%	59	16%

Tafla 8. Nýr vinnust., framl. og óbundin og endurnýjunar-skráningar

	2006		2007		2008		2009	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
<b>Allir</b>	<b>3.636</b>		<b>4.859</b>		<b>3.775</b>		<b>999</b>	
<b>Kyn:</b>	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Karlar	2.508	69%	3.734	77%	2.564	68%	522	52%
Konur	1.128	31%	1.125	23%	1.211	32%	477	48%
<b>Aldur:</b>	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
18-29 ára	1.306	36%	1.620	33%	1.432	38%	421	42%
30-39 ára	1.198	33%	1.563	32%	1.236	33%	352	35%
40-49 ára	754	21%	1.170	24%	763	20%	163	16%
50 ára og eldri	378	10%	509	10%	344	9%	63	6%
<b>Búseta:</b>	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Höfuðborgarsv.	1.541	32%	2.179	32%	2.386	55%	566	69%
Landsbyggðin	2.096	44%	2.682	40%	1.346	31%	232	28%
Þar af Austurland	1.161	24%	1.856	28%	639	15%	24	3%
<b>Starfsstétt:</b>	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Sérfræði og skrifst. störf	222	6%	333	7%	236	7%	151	19%
Gæslu- og þjónustust.	423	12%	404	8%	393	11%	176	22%
Iðnaðarmenn	341	10%	528	11%	286	8%	17	2%
Iðnverkf., véla-/vélgæsluf.	1.100	31%	1.309	27%	731	20%	128	16%
Verkfólk	1.417	40%	2.220	46%	1.949	54%	314	40%
<b>Atvinnugrein:</b>	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Iðnaður og landbúnaður	479	14%	671	14%	560	15%	118	15%
Sjávarútv. og fiskvinnsla	516	15%	371	8%	346	10%	112	14%
Byggingariðnaður	1.514	43%	2.447	51%	1.271	35%	42	5%
Verslun og þjónusta	984	28%	1.283	27%	1.439	40%	519	66%
<b>Þjóðerni:</b>	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Pólland	1.219	34%	2.242	46%	1.853	50%	61	6%
Hin nýju ríki ESB	437	12%	450	9%	375	10%	20	2%
Önnur Evrópu+USA+Kanada	675	19%	509	11%	541	14%	408	42%
Asía	1.094	30%	1.426	29%	794	21%	375	38%
Önnur ríki	185	5%	215	4%	171	5%	113	12%

#### IV. Viðbót um starfsmannaleigur og þjónustusamninga

Lög um starfsmannaleigur tóku gildi í ársbyrjun 2006. Tilgangur laganna er að skýra línur varðandi gildi íslenskra kjarasamninga á Íslandi óháð því hvort starfsmenn eru í beinu ráðningarsambandi við fyrirtækið eða vinna fyrir milligöngu starfsmannaleigu. Löggjöfin tekur einnig mið af ákvæðum EES-samningsins um frelsi í þjónustuviðskiptum sem og reglum um frjálst flæði vinnandi fólks milli EES-landanna. Í lögnum er einnig bann við því að starfsmannaleigur láti starfsmenn sína greiða gjald fyrir það að fá vinnu.

Einungis starfsmannaleigur með staðfestu á Íslandi, öðrum EES-löndum og Sviss mega starfa hér á landi. Erlendar starfsmannaleigur þurfa að sýna fram á að þær séu löglega skráðar og með starfsleyfi í heimalandinu.

Öllum starfsmannaleigum, íslenskum sem erlendum er skylt að skrá fyrirtækið og alla starfsmenn sem vinna á þess vegum hér á landi hjá Vinnuálastofnun. Erlendum starfsmannaleigum skylt að hafa fulltrúa hér á landi, séu þær með starfsemi í meira en 10 daga á ári.

Starfsmannaleiga er í lögunum skilgreind sem þjónustufyrirtæki sem leigir út starfsmenn til notendafyrirtækja gegn gjaldi. Starfsmennirnir eru undir verkstjórn notandans. Starfsmannaleigur skulu veita Vinnumálastofnun upplýsingar sem stofnunin telur nauðsynlegar til að fylgjast með framkvæmd laganna, þar á meðal afrit af ráðningarsamningum starfsmanna og þjónustusamningum við notendafyrirtæki.

Frá og með 1. maí 2006 er aflétt hömlum sem voru á heimildum íslenskra starfsmannaleiga til að ráða til sín og leigja út starfsmenn frá nýju EES-löndunum í Austur Evrópu (Póllandi, Ungverjalandi, Tékklandi....). Nú þurfa ríkisborgarar frá þessum löndum ekki lengur atvinnuleyfi, en þeim ber eins og öðrum EES-borgurum að sækja um dvalarleyfi ef þeir dvelja lengur en 3 mánuði hér á landi.

Í töflum 9, 10, 11 og 12 er svo hægt að skoða yfirlit yfir starfsmannaleigur og þjónustusamninga eftir ríkisfangi ásamt sundurliðun á starfsheitum.

**Tafla 9. Starfsmannaleigur eftir ríkisfangi**

	2006	2007	2008	2009	2006 - 2009
<b>Pólland</b>	<b>221</b>	<b>612</b>	<b>335</b>		<b>1.168</b>
Portúgal	534	182	22		738
Ítalía		209	24		233
Litháen	85	43	27		155
Slóvakía	37	46	41		124
Þýskaland	59	13	2		74
Ísland	68				68
Tékkland	28	25	9		62
Lettland	1	53	2		56
Rúmenía		15	23	13	51
Ungverjaland	5	29	13		47
Bretland	43				43
Önnur lönd	44	4	3		51
<b>Samanlagt</b>	<b>1.125</b>	<b>1.231</b>	<b>501</b>	<b>13</b>	<b>2.870</b>

Eins og hægt er að sjá á töflu 9, þá hafa langflestir af þeim erlendu ríkisborgurum sem tilheyra starfsmannaleigum verið frá Pólandi en starfsmönnum hjá starfsmanna leigum hefur fækkað frá árinu 2007 og voru bara 13 árið 2009.

**Tafla 10. Starfsheiti/Starfsmannaleigur**

	<b>Allir</b>		<b>Pólverjar</b>	
	<b>Fjöldi</b>	<b>Hlutfall</b>	<b>Fjöldi</b>	<b>Hlutfall</b>
Verkamaður	1.504	52%	977	84%
Trésmiður/innréttingasmiður	323	11%	99	8%
Verkamaður í steypuvinnu	257	9%	4	0%
Vélamaður	98	3%	2	0%
Suðumaður	86	3%	20	2%
Hjúkrunarfræðingur	70	2%	0	0%
Pípulagningamaður	55	2%	8	1%
Plötusmiður (málplötur)	55	2%	0	0%
Rafvirki	53	2%	1	0%
Járnsmiður	44	2%	13	1%
Mótasmiður	43	1%	1	0%
Annað	282	10%	43	4%
<b>Samanlagt</b>	<b>2.870</b>	<b>100%</b>	<b>1.168</b>	<b>100%</b>

**Tafla 11. Þjónustusamningar eftir ríkisfangi**

	<b>2007</b>	<b>2008</b>	<b>2009</b>	<b>2007-2009</b>
Litháen	46	63	4	113
Pólland	50	59	1	110
Tékkland	10	43		53
Portúgal	32	16		48
Þýskaland	15	26		41
Ítalía		14	15	29
Rúmenía		16		16
Önnur lönd	24	13	1	38
<b>Samanlagt</b>	<b>177</b>	<b>250</b>	<b>21</b>	<b>448</b>

Eins og sjá má á töflu 11 þá eru flestir útsendir starfsmenn frá Litháen og Pólandi en útsendum starfsmönnum fækkaði talsvert milli ára (2008 til 2009) og voru aðeins 21 á árinu 2009.

**Tafla 12. Starfsheiti/Þjónustusamningar**

	<u>Allir</u>		<u>Pólverjar</u>	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Verkamaður	153	34%	26	24%
Trésmiður/innréttingasmiður	76	17%	0	0%
Stálvirkjasmiður	58	13%	46	42%
Suðumaður	30	7%	15	14%
Verkstjóri	29	6%	9	8%
Járnsmiður	21	5%	5	5%
Pípulagningamaður	17	4%	5	5%
Plötusmiður (málplötur)	14	3%	0	0%
Vélgæslumaður	13	3%	1	1%
Mótasmiður	9	2%	0	0%
Vélvirki	6	1%	2	2%
Annað	22	5%	1	1%
<b>Samanlagt</b>	<b>448</b>	<b>100%</b>	<b>110</b>	<b>100%</b>

## V. Erlendir ríkisborgarar á vinnumarkaði á Íslandi

Meðalmannfjöldi<sup>1</sup> á Íslandi á árinu 2006 á aldrinum 16-70 ára var um 209.500, fór í um 216.600 árið 2007, fjölgaði í 221.500 árið 2008, og fjölgaði lítillega árið 2009, eða í um 222.200 manns. Erlendum ríkisborgurum fjölgaði hratt til ársins 2008, eða úr um 14.400 2006 í 18.800 2007 og í 21.200 árið 2008. Þeim fækkaði svo lítið eitt árið 2009, eða í um 20.000 manns.

Samkvæmt vinnumarkaðskönnun Hagstofunnar var atvinnuþátttaka 16-74 ára frá 80,9% til 83,3% á þessum árum. Atvinnuþátttaka jókst eilítið árið 2007 en fór svo ört minnkandi næstu ár á eftir. Gera má ráð fyrir hærri atvinnuþátttöku fólks af erlendum uppruna þar sem meginástæða flestra fyrir komu til landsins er að leita sér vinnu<sup>2</sup>.

Eins og sjá má á töflu 13 þá má áætla að árið 2006 hafi um 12.300 erlendir ríkisborgarar verið á vinnumarkaði og þar af yfir 3.600 Pólverjar. Það er því hægt að áætla út frá þessu að 7% vinnuafis á Íslandi hafi verið með erlent ríkisfang þetta árið og tæpur þriðjungur þeirra hafi komið frá Póllandi. Næstu tvö ár á eftir jókst samkvæmt þessu hlutfall erlendra ríkisborgara á íslenskum vinnumarkaði í nálægt 10% árið 2008 og var hlutfall Pólverja af erlendu vinnuafli komið í um 44% árin 2008 og 2009. Hlutfall erlends vinnuafis lækkaði svo aftur í 9% árið 2009.

<sup>1</sup> Meðalmannfjöldi er fenginn með því að taka meðaltal af íbúafjölda 1. janúar 2006 og 1. janúar 2007, og með sama hætti fyrir önnur ár. Þetta var gert þar sem fjöldi erlendra ríkisborgara breyttist mjög hratt milli mánaða síðustu ár og því eðlilegra að horfa á meðalfjölda þeirra á hverju ári með þessum hætti, fremur en fjöldann 1. janúar, við útreikning á vinnuafli og atvinnuleysi.

<sup>2</sup> Hér er atvinnuþátttaka skv. Hagstofu hækkuð um 2% hjá erlendum ríkisborgurum (margfölduð með 1,02), hjá körlum sér og konum sér. Atvinnuþátttaka verður með þessari aðferð um tveimur til þremur prósentustigum hærri meðal erlendra ríkisborgara en landsmanna allra.


**Tafla 13. Vinnumarkaðsupplýsingar um íslenska og erlenda ríkisborgara á aldrinum 16-70 ára**

	2006				2007			
	Fjöldi	Atvinnu- þátttaka	Vinnuafli	Hlutfall	Fjöldi	Atvinnu- þátttaka	Vinnuafli	Hlutfall
<b>Allir</b>	209.513	83,1%	174.045		216.644	83,2%	180.259	
<b>Íslenskir ríkisborgarar</b>	195.136	82,9%	161.740	93%	197.783	82,9%	164.058	91%
<b>Erlendir ríkisborgarar þar af Pólverjar</b>	14.377	85,6%	12.305	7%	18.861	85,9%	16.201	9%
	4.225	85,6%	3.661	2%	7.318	85,9%	6.348	4%

	2008				2009			
	Fjöldi	Atvinnu- þátttaka	Vinnuafli	Hlutfall	Fjöldi	Atvinnu- þátttaka	Vinnuafli	Hlutfall
<b>Allir</b>	221.526	82,6%	182.875		222.171	81,0%	179.926	
<b>Íslenskir ríkisborgarar</b>	200.284	82,3%	164.806	90%	202.119	80,8%	163.276	91%
<b>Erlendir ríkisborgarar þar af Pólverjar</b>	21.242	85,1%	18.070	10%	20.052	83,0%	16.650	9%
	9.367	85,1%	8.033	4%	8.886	83,0%	7.419	4%

Á mynd 4 má sjá hlut erlendra ríkisborgara í heildarfjölda á vinnumarkaði. Fjölgun á vinnumarkaði fram til 2008 var að stórum hluta til tilkomin vegna fjölgunar erlendra ríkisborgara, einkum milli árana 2007 og 2008, en þá fjölgaði þeim skv. þessum útreikningum úr rúmlega 16.000 manns í rúmlega 18.000.




**Mynd 4.** Fjöldi á vinnumarkaði eftir ríkisborgararétti árinu 2006 til 2009

Í töflu 14 má sjá skiptingu vinnuafli eftir kyni og hlutfall af heildarvinnuafli. Sjá má að erlendir karlar urðu mest um 11,5% af karlkyns vinnuafli í landinu árið 2008 en hlutfallið lækkaði niður undir 10% árið eftir. Hlutfall erlendra kvenna af kvenkyns vinnuafli var aldrei jafn hátt og meðal karla, fór í um 8,2% á árinu 2009 og hafði þá hækkað lítið eitt frá árinu áður.

**Tafla 14. Vinnumarkaðsupplýsingar um íslenska og erlenda ríkisborgara, 16-70 ára, eftir kyni**

	2006	2007	2008	2009
Fjöldi á vinnumark.	174.045	180.259	182.875	179.926
Erlendir ríkisb.	12.305	16.201	18.070	16.650
Erlendir ríkisb. %	7,1%	9,0%	9,9%	9,3%
<b>Karlar alls</b>	94.103	98.093	99.608	96.205
Erlendir karlar	7.768	10.615	11.442	9.816
Erlendir karlar %	8,3%	10,8%	11,5%	10,2%
<b>Konur alls</b>	79.942	82.166	83.267	83.721
Erlendar konur	4.537	5.586	6.627	6.834
Erlendar konur %	5,7%	6,8%	8,0%	8,2%

Hlutfall erlendra ríkisborgara í heildarvinnuafli á Íslandi sést betur á mynd 5, en hlutur erlendra karla jókst fram til 2008 en minnkaði hratt á árinu 2009, en hlutur erlendra kvenna jókst áfram lítið eitt á árinu 2009.



**Mynd 5.** Hlutdeild erlends vinnuafis í heildarvinnuafli á Íslandi 2006-2009

Vinnumálastofnun hefur lauslega reynt að áætla skiptingu erlends vinnuafis eftir atvinnugreinum, m.a. í samantekt frá árinu 2007<sup>3</sup>. Er þá í grunninn miðað við greiningu Hagstofunnar á staðgreiðslu-upplýsingum frá 2005, og upplýsingar um útgefin atvinnuleyfi og skráningar til ársins 2009 nýttar til að áætla innstreymi í einstakar greinar frá þeim tímamarki. Þá hafa upplýsingar um verklok við stórar stóriðju- og virkjanaframkvæmdir verið nýttar til að áætla brottflutning að einhverju marki. Einkum nýtist það fyrir árin 2006 og 2007. Tölur fyrir 2008 og 2009, þegar brottflutningur jókst mikið, eru því ónákvæmari sökum skorts á nákvæmum upplýsingum um þróun innan einstakra atvinnugreina. Í töflu 15 er tekin saman áætluð skipting erlends vinnuafis á atvinnugreinar á árunum 2006-2009.

<sup>3</sup> Sjá *Erlent starfsfólk á íslenskum vinnumarkaði*, 19. október 2007, á þessari slóð:

[http://www.vinnumalastofnun.is/files/Erlent%20starfsf%C3%B3lk%20%C3%A1%20%C3%ADslenskum%20vinnu%20marka%C3%B0i%20haust%202007\\_1728410651.pdf](http://www.vinnumalastofnun.is/files/Erlent%20starfsf%C3%B3lk%20%C3%A1%20%C3%ADslenskum%20vinnu%20marka%C3%B0i%20haust%202007_1728410651.pdf)




**Tafla 15. Áætluð skipting erlends vinnuafis eftir atvinnugreinum á árunum 2006-2009**

	Hagst. 2005	2006	2007	2008	2009
Landbúnaður	270	350	400	430	410
Fiskveiðar	240	300	400	430	410
Fiskiðnaður	1.220	1.500	1.780	1.860	1.850
Iðnaður	1.100	1.650	2.050	2.320	2.100
Mannvirkjagerð	1.890	3.500	5.800	6.520	5.150
Verslun/ ýmis þjón.	1.890	2.150	2.520	2.760	2.890
Veit.gist.flutn.uppl.	940	1.300	1.550	1.760	1.890
Heilbr/félagsþj. menntam.	1.460	1.550	1.700	1.990	1.950
<b>Samtals</b>	<b>9.010</b>	<b>12.300</b>	<b>16.200</b>	<b>18.070</b>	<b>16.650</b>


### Atvinnuleysi erlendra ríkisborgara á íslenskum vinnumarkaði

Eins og sjá má á mynd 5 þá jókst atvinnuleysi erlendra ríkisborgara mun meira en íslenskra í kjölfar bankahrunsins haustið 2008. Atvinnuleysi hafði fram til 2008 verið hverfandi meðal erlendra ríkisborgara og mjög lítið meðal Pólverja. Erlendir ríkisborgarar, ekki síst Pólverjar, voru á hinn bóginn fjölmennir í þeim greinum sem hvað verst fóru út úr hruninu og staða þeirra á vinnumarkaði versnaði því mjög. Þannig var atvinnuleysi meðal erlendra ríkisborgara um 11% að jafnaði árið 2009 og atvinnuleysi meðal Pólverjar um 16%, en atvinnuleysi íslenskra ríkisborgara hefur að jafnaði verið nálægt 8% það ár.




**Mynd 6. Áætlað atvinnuleysi eftir ríkisborgararétti 2006-2009**

Á mynd 7 má svo sjá að atvinnuleysi jókst mun meira meðal erlendra karla en kvenna við hrun, enda karlar fjölmennir í byggingariðnaði þar sem mikið var um uppsagnir strax í kjölfar hrunsins. Erlendar konur voru meira starfandi í þjónustustörfum og ýmsum iðnaði og fiskvinnslu þar sem áhrif kreppunnar komu ekki fram með eins afgerandi hætti og í byggingariðnaði. Raunar var atvinnuleysi meðal erlendra kvenna lítið hærra en íslenskra á árinu 2009.



**Mynd 7.** Áætlað atvinnuleysi erlendra ríkisborgara eftir kyni 2006-2009

Á mynd 8 hefur verið reynt að áætla atvinnuleysi eftir einstökum mánuðum. Þar má sjá að atvinnuleysi jókst hraðar meðal erlendra ríkisborgara en íslenskra á mánuðunum eftir hrun og fór mun hærra á vormánuðum 2009 en meðal Íslendinga. Einkum varð atvinnuleysi mikið meðal Pólverja. Það lækkaði hins vegar hraðar meðal erlendra ríkisborgara en íslenskra fyrir sumarið 2009 en jókst aftur hraðar um haustið.




**Mynd 8.** Þróun atvinnuleysis eftir ríkisborgararétti í einstökum mánuðum 2006-2009

Í töflu 16 má sjá yfirlit yfir fjölda atvinnulausra erlendra ríkisborgara að jafnaði á mánuði á árunum 2006-2009, skipt á atvinnugreinar, en sjá má að veruleg fjölgun atvinnulausra verður í öllum atvinnugreinum milli 2008 og 2009.

**Tafla 16. Fjöldi atvinnulausra erlendra ríkisborgara að jafnaði á mánuði eftir atvinnugreinum árin 2006-2009**

	2006	2007	2008	2009
Landbúnaður	1	1	3	14
Fiskveiðar	5	6	11	36
Fiskiðnaður	10	23	33	71
Iðnaður	17	15	52	242
Mannvirkjagerð	7	9	122	712
Verslun/ ýmis þjón.	19	23	81	399
Veit.gist.flutn.uppl.	22	21	63	261
Heilbr/félagsþj. menntam.	11	11	20	61
Óvíst	6	9	29	61
Samtals	99	119	414	1.857

Á mynd 9 er loks yfirlit yfir aukningu atvinnuleysis meðal erlendra ríkisborgara innan einstakra atvinnugreina, byggt á skiptingu erlends vinnuafis á atvinnugreinar eins og hún er áætluð skv. töflu 16. Þannig virðist atvinnuleysi hafa aukist mest í mannvirkjagerð, verslun og þjónustu og í ferðaðþjónustugreinum, einnig í iðnaði og svo fiskveiðum, en minna í fiskiðnaði, landbúnaði og heilbrigðis- og félagsþjónustu og menntageiranum.



**Mynd 9.** Þróun atvinnuleysis meðal erlendra ríkisborgara innan einstakra atvinnugreina 2006-2009